Borghildur Óskarsdóttir

Aðgát

Heed

Borghildur Óskarsdóttir á að baki merkan listferil sem spannar um sex áratugi. Hún er enn að, enda er listin samofin lífi hennar. Mörg verka hennar eiga brýnt erindi við samtímann, sem einkennist af viðleitni til að endurhugsa þau spor sem mannfólkið hefur markað í náttúru, á himin og jörð með lífríki sínu öllu.

Borghildur vinnur verk sín í fjölbreytilega miðla: teikningar, textar, málverk, skúlptúr, ljósmyndir, vídeó, bókverk, innsetningar, gjörningar, og þannig mætti lengi telja. Enginn efniviður eða leið til framsetningar myndverks er henni óviðkomandi. Hún hefur ekki viljað helga sig neinu einu efni til listsköpunar en leirinn gengur þó eins og þráður í gegnum feril hennar. Hann ber með sér langa hefð og merka sögu handverks, enda efniviður jarðarinnar sem mannfólkið hefur lifað á í aldanna rás.

Snemma tileinkaði Borghildur sér það sem seinna var kallað rannsóknartengd myndlist. Áður en sú orðræða barst að fjörum landsins og inn í fagsamfélagið fékkst hún við rannsóknir sem hún setti fram með verkum sínum og sýningum. Hún hefur líka tileinkað sér viðfangsefni og aðferðir annarra fræðigreina í gegnum árin og nýtt sem efnivið í verkum sínum, allt frá þjóðfræði, sagnfræði og ættfræði til líf- og jarðvísinda. Borghildur beitir meðal annars aðferðafræði einsögunnar, eigin sögu, forfeðra sinna og formæðra, til að varpa ljósi á samtímavanda, svo sem vegna yfirgangs mannsins í náttúrunni. Hún beinir athygli að umhverfinu, því sem fjærst er og því sem er næst, rekur sögu alþýðufólks í baráttu við náttúruöfl og óvægna samfélagsskipan. Hún semur þulur sem tengja sögu okkar og tilveru við landið. Um leið ljær hún þögulli náttúru rödd sem talar til okkar í gegnum verkin. Við finnum fyrir mætti náttúrunnar, gróandanum, sandfokinu, straumnum, eldsumbrotunum. Samsláttur menningar og náttúru í verkum Borghildar veltir upp áleitnum spurningum um tilvist náttúrunnar og um okkar eigin líkamlegu skynjun, hugsun og tilfinningar gagnvart henni.

Menningararfleifð Íslendinga er Borghildi hugleikin jafnt sem náttúran. Hún vísar í bókmenntir og tungumálið í verkum sínum, allt frá sögum í fornum skinnhandritum yfir í nútímaskáldsögur sem snert hafa þjóðarsálina. Nýjasta verkið sem hún gerði fyrir sýninguna er leir- og glerverk þar sem hún mótar setningu úr meginhandriti *Laxdælu*, *Móðruvallabók* (frá um 1350): „og þótti sinn veg hvoru þeirra".

Ferskir vindar hafa blásið um myndlistina síðustu áratugi hér á landi en Borghildur hefur þrátt fyrir afkastasemi sína ekki verið áberandi á listasenunni. Hún hefur haldið sinni hógværu fjarlægð og hlúð að eigin næði til listsköpunar um leið og hún tileinkar sér framsækna listhugsun og fer með hana sína leið. Verk hennar eru á lúmskan hátt hápólitísk og snerta á brýnum málum íslensks samfélags, sögu og menningu, allt frá viðkvæmri stöðu kvenna innan feðraveldis til brothættrar stöðu landsins sem við fengum í arf. Hún hefur einstakt lag á að miðla í verkum sínum sárum sem ekki gróa auðveldlega þótt margreynt sé að vefja þau umbúðum, breiða yfir og þagga; melankólía í skugga valdbundinnar mismununar kynja, hráslagalegir hrakningar fjölskyldna á milli bæja, stórbrotin umbreyting lands og útþurrkun menningararfleifðar í þágu stóriðnaðar. Sárin sem hún setur fingur á eru enn ógróin og þarfnast aðgátar, umönnunar og opinnar umfjöllunar til þess að samfélagið geti tekið farsæl skref inn í framtíðina.

Borghildur Óskarsdóttir fæddist árið 1942 í Reykjavík. Hún stundaði nám við Handíðaskólann árið 1959 til 1960 og Edinborgarakademíuna á árunum 1961 til 1964. Árið 1973 lauk hún teiknikennaranámi í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og kenndi myndlist í nokkur ár eftir það. Sem listakona hefur hún sýnt víða, hérlendis og erlendis og eru verk hennar í safneignum allra helstu listastofnana á Íslandi.

The remarkable artistic career behind Borghildur Óskarsdóttir spans around six decades. But it is not over yet, as her life and art are intertwined. Many of her works are urgently relevant, characterised by reflection on the human mark on nature and all its living creatures.

Borghildur works across a variety of media, including drawing, text, painting, sculpture, photography, video, bookwork, installation, and performance. No material or means of presentation is irrelevant to her. However, despite the fact she never wished to restrict herself to a single medium, ceramics have been a mainstay throughout her career. Ceramics have their own long and fascinating history within the history of art, as they are an age-old material of the earth itself.

Early on, Borghildur embraced what would later be called practice-based research. Before such terminology reached Iceland's shores and permeated the artistic community, Borghildur presented her research findings through artworks and exhibitions. She has also explored subjects and methods from other disciplines – from anthropology, history, and genealogy to the life sciences and earth sciences – and incorporated them into her own work over the years. For instance, she has used microhistory to shed light on contemporary issues such as human impacts on nature. She calls our attention to the environment, both at its nearest and most remote, and traces histories of ordinary people in their struggles with the laws of nature and of humankind. She writes mantras that connect our stories and existence to the land. At the same time, she lends silent nature a voice, one that speaks to us through her work. We feel nature's power: rushing currents, drifting sands, the flowers' breath, the volcanoes' blasts. The harmony between nature and culture in Borghildur's work raises pressing questions about conservation, as well as our bodily perceptions of and attitudes towards the environment.

Cultural heritage equally motivates Borghildur's work. She readily refers to Icelandic literature and language, from medieval manuscripts to modern novels that touch upon the national spirit. The most recent work she made for the exhibition is a clay and glass work in which she shapes a sentence from Laxdæla's main manuscript, *Möðruvallabók* (from ca. 1350): "and they went their separate ways."

Fresh winds have blown through the arts in Iceland over the last few decades, but Borghildur, despite her productivity, has not been prominent on the scene. She has maintained a modest distance and nurtured privacy for her practice while adopting an artistically progressive mindset and working in her own way. In an understated manner, her artworks are highly political and touch upon urgent issues in Icelandic history and culture, from the fragile status of women within patriarchy to the fragile state of the land we have inherited. She has a unique way of exposing wounds that do not heal easily, even if bandaged and concealed: melancholy in the shadows of systemic gender discrimination, bleak family relocations, dramatic transformations of the landscape, and erasure of cultural heritage in favour of big industry. The wounds she points to are still raw. They need our ongoing attention, discussion, and care if we are to step forward into a favourable future.

Borghildur Óskarsdóttir was born in 1942 in Reykjavík. She studied at Iceland's College of Crafts from 1959 to 1960 and Edinburgh College of Art in 1961 until 1964. In 1973, she completed teacher training in drawing at the Icelandic College of Arts and Crafts and taught art for several years after that. As an artist, she has exhibited widely, in Iceland and abroad and her works are in the collections of all major art institutions in Iceland.

Borghildur Óskarsdóttir
Aðgát Heed
16.03.–09.06.2024

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum
Kjarvalsstaðir

Sýningarstjóri Curator
Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir

Listasafn Reykjavíkur hlaut Öndvegisstyrk Safnaráðs árið 2021 til þess að rannsaka hlut kvenna í íslenskri listasögu í samstarfi við námsbraut í listfræði við Háskóla Íslands. *Aðgát* er annað af þremur verkefnum sem er afrakstur hinnar tímabundnu rannsóknarstöðu við safnið.
In 2021, Reykjavík Art Museum was awarded the The Museum Council of Iceland's Excellence Grant to examine women's part in Icelandic art history, in collaboration with The University of Iceland's Department of Art History. *Heed* is the second of three projects that is the result of the temporary research position at the museum.

Listasafn Reykjavíkur þakkar Háskóla Íslands fyrir samstarfið og eftirfarandi fyrir veittan stuðning
Reykjavík Art Museum wishes to thank the University of Iceland for the collaboration and the following for their support
Safnaráð The Museum Council of Iceland
Myndlistarsjóður Icelandic Visual Arts Fund

Þakkir Thanks
Agnes Ársælsdóttir, Björg Vilhjálmsdóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Einar Garibaldi Eiríksson, Hjálmar Sveinsson, Ósk Vilhjálmsdóttir, Þuríður Einarsdóttir

Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim sem lánuðu verk á sýninguna
Reykjavík Art Museum thanks those who lent works for the exhibition

Gestum er bent á að verk Borghildar teygja sig út fyrir sýningarsalinn, í forsal og í kring um Kjarvalsstaði. Texti sem tilheyrir verkum er aðgengilegur á íslensku og ensku í gegn um QR-kóða. Starfsfólk í móttöku veitir gjarnan frekari upplýsingar.
Vistors are reminded that Borghildur's work are also on display outside the exhibition hall, in the entry and around Kjarvalsstaðir. Text-based works are accessible in Icelandic and English via QR-codes. Reception staff will gladly provide further information.

Í tilefni sýningarinnar gefur Listasafn Reykjavíkur út veglega sýningarskrá sem er til sölu í safnverslun
Reykjavík Art Museum publishes a new and comprehensive catalogue with the exhibition, available in the museum store

Dagskrá Programme

Málþing Seminar
Laugardagur Saturday **06.04.** **13.00**

Leiðsögn sýningarstjóra Curator Talk
Sunnudagur Sunday **14.04.** **14.00**

Leiðsögn Guided Tour
Fimmtudagur Thursday **25.04.** **20.00**


Leikum að list Let's Play Art
Sunnudagur Sunday **05.05.** **13.00**

Leiðsögn sýningarstjóra Curator Talk
Sunnudagur Sunday **12.05.** **14.00**

Leiðsögn Guided Tour
Fimmtudagur Thursday **30.05.** **20.00**

Finnið upplýsingar um leiðsagnir og aðra viðburði á heimasíðu safnsins
Find information on guided tours and other programming on the museum website

Bókið stóra og smáa hópa í sérleiðsögn
Book a private tour for your small or large group
hopar.listasafn@reykjavik.is



Kjarvalsstaðir
Flókagata 24
105 Reykjavík
+354 411 6420

Opið daglega
Frá 10.00 til 17.00
Open daily
10h00–17h00

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

SAFNARÁÐ
HÁSKÓLI ÍSLANDS
Myndlistarsjóður
ICELANDAIR